



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um samráð við Sálfræðingafélag Íslands í tengslum við ráðningar á sálfræðingum hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar

Þann 22. júní 2022 lagði fulltrúi Flokks Fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um ráðningu sálfræðinga til að vinna niður biðlista hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar:

Óskað er upplýsinga um hvort velferðarsvið hefur sett sig í samband og haft samskipti við Sálfræðingafélag Íslands til að fá liðsinni þess og ráðgjöf, í tengslum við ráðningar á sálfræðingum hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar.

Óskað er upplýsinga um hvort ekki hafi komið til greina að breyta grunnröðun launa sálfræðinga eða grípa til annarra úrræða til að laða sálfræðinga til að sækja um stöður skólasálfræðinga. Fordæmi um þetta má sjá hjá Reykjanesbæ.

Óskað er upplýsinga um sjálfstætt starfandi sálfræðistofur sem Reykjavíkurborg hefur samið við, hvernig líta þeir samningar út og hver er kostnaður við þá.

Svar:

Velferðarsvið hefur verið í sambandi við Sálfræðingafélagið og leitað liðsinnis til að ráða sálfræðinga til að taka að sér verkefni til að vinna niður biðlista eftir greiningum skólasálfræðinga. Leyfi fékkst til að auglýsa á Fésbókarsíðu þeirra eftir sálfræðingum til að taka að sér verkefni. Í kjölfar þess höfðu nokkrir sálfræðingar samband sem voru síðan í samskiptum við deildarstjóra barna og fjölskyldudeilda á miðstöðvum velferðarsviðs. Ekki hafa verið gerðir samningar við sálfræðistofur en aðeins ein sýndi verkefninu áhuga. Metið var að verðtilboð þeirrar stofu væri ekki ásættanlegt. Greiningar hafa hins vegar verið keyptar af einstaka sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Kostnaður við hverja greiningu hefur verið á bilinu 115.000-160.000 kr.

Sálfræðingar á velferðarsviði eru í 4 starfsheitum, sálfræðingur 1, sálfræðingur 2, sálfræðingur 3 og sálfræðingur 4. Störfin eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélags Íslands metin í starfsmatskerfi samningsaðila. Markmiðið er að tryggja að starfsmönnum séu ákvörðuð laun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er og á að leiða til þess að störfum sé raðað þannig til grunnlauna að þau séu hin sömu fyrir störf sem metin eru jafn krefjandi, óháð starfsstöðum, stéttarfélagi eða kyni.

Störfin sálfræðinga voru metin síðast árið 2017. Starfslýsingar eru hins vegar í skoðun í tengslum við verkefnið *Betri borg fyrir börn*.